

EFNISYFIRLIT

Bakgrunnur.....	2
Hvað er lykilhæfni?.....	2
Skilgreining á hæfni.....	2
Skilgreining á lykilhæfni.....	2
Það sem þessi listi er ekki.....	2
Notkun og notendur.....	3
Þróunarferli.....	3
Yfirlit yfir fræðin og fyrstu drög.....	3
Fundur sérfræðinga og umfjöllun.....	3
Umfjöllun starfshóps málþings ráðgjafa um viðbúnað og viðbrögð.....	4
Yfirlit á vefnum.....	4
Listi yfir lykilhæfni.....	5
Þakkarorð.....	6
Heimildir:.....	6
Viðauki A: listi yfir lykilhæfni vettvangsfaraldsfræðinga í lýðheilsustofnunum evrópusambandsins, eftir flokkum og sviðum.....	7
1. Sérþækt fyrir fagið.....	8
1.1. Lýðheilsa.....	8
1.2. Hagnýt faraldsfræði.....	8
2. Almenn svæði, sameiginleg öðrum fögum.....	10
2.1. Lífmælingar.....	10
2.2. Upplýsingafræði.....	10
2.3. Samskipti.....	10
2.4. Stjórnun.....	11
2.5. Þróun getu.....	11
2.6. Siðfræði.....	11



Bakgrunnur

Í 9. grein í stofnreglugerðum Sóttvarnastofnunar Evrópu (ECDC) er lýst hlutverki stofnunarinnar við að láta í té þjálfun: „Stofnunin skal styðja og skipuleggja þjálfunaráætlanir eins og við á til að aðstoða aðildarríki og framkvæmdastjórnina við að tryggja nægilegan fjölda þjálfara sérfræðinga, einkum hvað varðar faraldsfræðilegt eftirlit og vettvangsrannsóknir, og getuna til að skilgreina aðgerðir í heilsugæslu til að fylgjast með uppkomu sjúkdóma“.

Eitt forgangsatríði sem skilgreint var í fyrstu viðræðum við aðildarríkin varðandi stefnu í þjálfun á sviði faraldsfræðilegs inngrips í Evrópu, sem fóru fram árið 2005 í Stokkhólmi, var þróun lykilgetu vettvangsfaraldsfræðinga í Evrópusambandinu (ESB).

Sóttvarnastofnunin hefur ásamt hópi sérfræðinga (lykilgetuhóps) sett saman lista yfir hugmyndir um lykilhæfni vettvangsfaraldsfræðinga sem starfandi eru á öllum stigum, innanlands (sveitir, hverfi, svæði) sem á landsvísu og á yfirþjóðlegu stigi (í Evrópu og á heimsvísu) í lýðheilsustofnunum Evrópubandalagsins.

Til eru önnur svæði þar sem Sóttvarnastofnunin stendur fyrir „uppbyggingu á hæfni með þjálfun“: Mat á faraldsfræðilegri hæfni og aðstöðu og þörfum hvað þjálfun varðar í aðildarríkjum Evrópusambandsins, skipulagning stuttra þjálfunareininga fyrir aðildarríki Evrópusambandsins/Evrópska efnahagssvæðisins, aðlögun evrópskrar áætlunar um þjálfun á sviði faraldsfræðilegs inngrips (EPIET) að Sóttvarnastofnuninni.

Hvað er lykilhæfni?

Skilgreining á hæfni

Hæfni er samsetning þekkingar, færni og getu sem fagmenn verða að sýna fram á og er ómissandi til að hægt sé að starfa á áhrifaríkan hátt.

Skilgreining á lykilhæfni

Listinn yfir lykilhæfni sem er að finna í þessu skjali er ætlaður fagfólki sem statt er í miðjum starfsferli, frekar en yngri eða eldri faraldsfræðingum.

Miður starfsferill var skilgreindur sem þriggja ára reynsla á viðkomandi sviði eða að lokinni eins til tveggja ára þjálfun í vettvangsfaraldsfræði. Fagleg hæfni myndi vera á stigi stjórnanda einingar til eftirlits eða undirbúnings- og viðbragðsaðgerða. Þessarri aðferð er beitt til að auðvelda ferlið, þrátt fyrir að henni fylgi sú áhætta að til verði tilbúnir flokkar.

Hugtakið „lykil-“ gefur til kynna að sú hæfni sem um ræðir ætti að vera lágmarksforsenda fyrir alla vettvangsfaraldsfræðinga, óháð stjórnunarstigi (alþjóðlegu, landsbundnu, innanlands, svæðisbundnu, o.s.frv.) þeirra innan heilbrigðiskerfisins. Hún ætti að vera sameiginleg öllu fagfólki á þessu sviði.

Listinn nær til hæfni „vinnuafli“ annars vegar og „kennslu“ hins vegar.

Hugsanlegt er að síðar verði skilgreindir undirflokkar hvað hæfni varðar, til að auðvelda þróun námsskráar.

Það sem þessi listi er ekki

Þessi listi er ekki stjórnáskjal, eða afgerandi texti, eða námsskrá tilbúin til notkunar.

Notkun og notendur

Listinn yfir lykilhæfni er ætlaður til notkunar sem tilvísunarskjal fyrir ýmsar stofnanir og einstaklinga sem tengjast lýðheilsu í löndum Evrópusambandsins.

Hann verður uppfærður reglulega og í samvinnu við mögulega notendur (lýðheilsustofnanir innan Evrópubandalagsins, þjálfunarnámskeiðum, o.s.frv.).

Hann ætti einnig að vera mikilvægt tæki við mat sem fram fer í heimsóknnum til aðildarríkja, til að koma auga á starfssvið eða sérfræðiþekkingu sem ætti að styrkja.

Mikilvæg notkun listans er til dæmis við:

- Mat á starfsnemum: við ráðningar og síðar til að leggja mat á stöðu þeirra í námsferlinum með því að líta á árangur miðað við hæfni. Hæfnisundirflokkar, þ.e. getan til að framkvæma ákveðin verkefni, kunna henta betur í þessum tilgangi.
- Þróun námsskrár og skipulagning kennslu.
- Faggilding þjálfunarnámskeiða: í öllum faggildingarferlum ætti að leggja mat á hæfni og námsskrár þjálfunarnámskeiða

Til mögulegra notenda teljast ekki einungis lýðheilsustofnanir og þjálfunarnámskeið, heldur einnig fagfólk og starfsmenn á einstaklingsgrundvelli. Þörf er á þeim til að öðlast viðurkenningu á faginu og auka samanburðarhæfi starfslýsinga.

Þróunarferli

Yfirlit yfir fræðin og fyrstu drög

Árið 2006 fór Sóttvarnastofnunin yfir nokkra lista yfir hæfni vettvangsfaraldsfræðinga og þjálfunarnámskeiða á sviði vettvangsfaraldsfræði (FETP). Athygli var einkum veitt listanum yfir FETP frá Indlandi, sem var settur saman til að hafa matstæki fyrir starfsmenn. Listinn yfir þjálfunarætlanir fyrir kerfi faraldsfræði og lýðheilsuinngrips (TEPHINET) og listinn yfir hæfni á sviði hagnýtrar faraldsfræði á ýmsum stigum frá Sóttvarnastofnunum Bandaríkjanna (US CDC) í samvinnu við ríkisráðið og svæðisbundna faraldsfræðinga (CSTE) var athugaður gaumgæfilega.

Í uppláttarriti Evrópustjóra á sviði lýðheilsu fyrir samtök lýðheilsuskóla á Evrópusvæðinu (ASPHER) segir í 5. hluta: Farið var yfir lista yfir mögulegrar hæfni þar sem hann var talinn nauðsynlegt tilvísunarskjal hvað varðar vísindi og stefnu á sviði lýðheilsu.

Hvað aðferðafræði varðar var sérstök athygli veitt ferli US CDC/CSTE við að þróa lykilhæfni á sviði hagnýtrar faraldsfræði og reynslu Jagiellonian-háskóla í Póllandi, sem hluta af Leonardo da Vinci áætluninni. Einnig voru stig meistaranáms í þróunaráætlun lykilhæfni á sviði lýðheilsu rannsökuð.

Ritað var vinnuskjal og fyrstu drög Sóttvarnastofnunarinnar að lista og þau endurskoðuð innan stofnunarinnar og af samræmingaraðilum EPIET og sambandi fyrrum nemenda EPIET (EAN) í nóvember 2006.

Fundur sérfræðinga og umfjöllun

Fyrstu drög að lista yfir lykilhæfni voru rædd í janúar 2007 af 18 sérfræðingum frá 15 aðskildum stofnunum, þ.m.t. eftirlitsstofnunum Evrópusambandsins á sviði lýðheilsu, Lýðheilsusamtökum Evrópu (EUPHA), nokkrum FETP frá aðildarlöndum Evrópusambandsins, US CDC, TEPHINET, ASPHER, og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO). Skýrslu um þennan fund í heild sinni er að finna á http://www.ecdc.europa.eu/en/activities/training_activities/Pages/index.aspx

Mismunur eftir stjórnunarstigum (landsbundið, innanlands, svæðisbundið o.s.frv.) var aðeins tekinn til athugunar þegar litið var til þeirra verkefna ráðast átti í og greina átti hvar þau sköruðust, þar sem lykilhæfnin er sú hæfni sem þörf er á til að ljúka verkinu á hvaða stigi sem er. Sérfræðingarnir mynduðu starfshópa og fóru af gagnrýni yfir alla lykilhæfni, og notuðust einnig við listann yfir „hæfni í hagnýtri faraldsfræði fyrir lýðheilsustofnanir“ frá US CDC/CSTE, og einkum hvað varðaði „2. stig: faraldsfræðingar í hjúkrunarstöðum“.

Að fundinum loknum og að teknu tilliti til umræðunnar innan starfshópanna var ákveðið að uppfæra fyrstu drögin að listanum. Sundurliðaður spurningalisti var sendur öllum sérfræðingunum með tölvupósti. Gert var ráð fyrir öllum flokkum, svæðum og sviðum, auk hæfnislistans. Öllum sérfræðingunum var gefinn kostur á að leggja fram almennar athugasemdir um uppbyggingu hans. Hvað varðaði hæfni gátu þeir í hverju tilfelli valið að: (1) samþykkja hana án breytinga, (2) samþykkja hana með breytingum eða annarri ritstýringu sem tilgreina skyldi nánar, eða (3) hafna henni. Einnig var hægt að leggja til aukalega hæfni á hverju sviði.

Umfjöllun starfshóps málþings ráðgjafa um viðbúnað og viðbrögð

Að fengnum öllum niðurstöðum af fundi sérfræðinga í janúar, var starfsemin kynnt stuttlega fyrir starfshópnum á sviði viðbúnaðar og viðbragða í maí 2007, og honum boðið að fara yfir listann og notast við sama spurningalista.

Yfirlit á vefnum

Í júlí og ágúst 2007 var könnun sett á vefsíðu Sóttvarnastofnunar og gerð aðgengileg öllu fagfólki á sviði faraldsfræði hvað varðaði eftirlit og viðbrögð við smitsjúkdómum innan Evrópusambandsins sem vildu taka þátt. Atvinnurekendur, til dæmis lýðheilsustofnanir, fagfélög, kennarar og samhæfingaraðilar námskeiða á sviði faraldsfræði voru hvattir til þátttöku.

Til að auka þátttöku var stutt grein birt í *Eurosurveillance* þriðjudaginn 2. ágúst 2007.

Þátttakendur voru flokkaðir eftir núverandi stöðu, geira (opinber stjórnarsýsla/einkarekið fyrirtæki), stigi (svæðis- eða héraðsbundið, á landsvísu eða heimsvísu), fjölda ára af reynslu miðað við núverandi starf, stöðu, gráðu, aldur og heimaland.

Almennum athugasemdum var safnað saman. Áttatíu og fimm tegundir hæfni voru metnar í þessari könnun með Likert-kvarða (1 = afar ósammála, 2 = ósammála, 3 = ekki viss, 4 = sammála, og 5 = afar sammála).

Alls voru greindir 38 spurningalistar frá fagfólki á sviði lýðheilsu frá ýmsum löndum í Evrópu: Belgíu (1), Tékklandi (1), Danmörku (1), Finnlandi (1), Frakklandi (7), Þýskalandi (2), Grikklandi (1), Ungverjalandi (1), Írlandi (2), Ítalíu (1), Noregi (1), Portúgal (1), Rúmeníu (2), Spáni (9), Svíþjóð (2), Hollandi (3), Bretlandi (1) auk Króatíu (1).

Tuttugu þátttakendur voru útskrifaðir af FETP og teljast því sérfræðingar á sviði hagnýtrar faraldsfræði. Tuttugu og átta voru læknar og þrír voru dýralæknar. Ellefu voru með doktorsgráðu og a.m.k. 13 með meistarágráðu á sviði lýðheilsu, faraldsfræði eða öðrum heilbrigðisvísindum.

Þrjátíu og fjórir (90%) starfa í stjórnunarstöðum á ýmsum stigum í Evrópusambandinu. Meðalaldur þátttakenda var 40 ár, og aldur þeirra var á bilinu 27–63 ára.

Meðal fólksins sem tók þátt var enginn ósáttur við nokkurn hinna 85 hæfnisflokka. Þátttakendur voru afar samþykki (meira en 4 stig) 67 af þeim hæfnisflokkum sem lagðir voru til. Hæfni taldist samþykkt ef hún fékk meira en 3,5 stig, og í heild var hægt að hafa 81 þeirra áfram á listanum.

Þeir hæfnisflokkar sem fengu milli 3,2 og 3,4 stig (óljóst mikilvægi) voru þeir fjórir sem hér koma á eftir, og af sömu ástæðu voru þeir teknir af listanum:

- Númer 10 (*beiting efnahagslegra aðferða og tækja til að styðja og leggja mat á ákvarðanatöku í heilbrigðismálum*) á sviði „lýðheilsustefnu“ á svæði lýðheilsu. 3,2 stig.
- Númer 36 (*Að koma á aðferð fyrir sýnatöku*) á sviði „rannsóknarstofa“ í kafla um hagnýta faraldsfræði. 3,2 stig.
- Númer 37 (*Gerð viðeigandi prófa sem þörf er á til að greina sjúkdóm*) á sviði „rannsóknarstofa“ í kafla um hagnýta faraldsfræði. 3,3 stig.
- Númer 55 (*Notkun hugbúnaðar til annarra tegunda gagnagreiningar (líkön, o.s.frv.)*) á sviði „tölfræði og annarrar gagnagreiningar“ á svæði hagnýtrar upplýsingafræði. 3,4 stig.

Að lokum voru eftir 80 hæfnisflokkar eftir að flokkarnir fjórir sem hvorki voru samþykktir né hafnað voru teknir burt, auk eins sem talinn var óþarfur: Númer 83 á upprunalega listanum: „Að stuðla að siðferðilegri hegðun meðal samstarfsaðila“, þar sem líklega er þetta gefið til kynna í hinum hæfnisflokkunum á sviði siðareglna og þróun getu.

Einnig töldu meðlimir ráðgjafamálþingsins að þörf væri á svæði fyrir smitsjúkdóma, og það var leyst með því að bæta því við og setja undir þetta svæði nýjan hæfnisflokk, númer 35: „Að vera kunnugt um smitleiðir smitsjúkdóma“.

Niðurstöður þessarrar könnunar voru kynntar og ræddar á öðrum samráðsfundi Sóttvarnastofnunar og aðildarríkjum Evrópusambandsins varðandi þjálfunaraðferðir Sóttvarnastofnunar þann 11. og 12. september 2007 sem haldinn var í Stokkhólmi, og á fundi ráðgjafamálþingsins þann 13. og 14. september 2007.

Listi yfir lykilhæfni

Þróunarferlin, tafla yfir flokka, svæði og svið og listi yfir hæfnisflokka sem lagðir eru til er að finna í viðauka A. Sóttvarnastofnunin hyggst nota þennan lista sem matstæki fyrir ákveðnar þjálfunarkröfur í löndum Evrópusambandsins þar sem hægt er að nota hann í heimsóknnum til landanna, könnunum, o.s.frv.

Almennir hæfnisflokkar sem tilheyra öðrum fræðigreinum en lýðheilsu eða hagnýtri faraldsfræði en eru nauðsynleg verkefninu eru einnig á listanum.



Þakkarorð

Fjöldi einstaklinga og stofnana hafa lagt sitt af mörkum við þróun lykilhæfni:

- Þátttakendur í fundi sérfræðinga þann 31. janúar í Stokkhólmi (CC-hópur) voru eftirfarandi: Preben Aavitsland, Katharina Alpers, Nancy Binkin, Jeanette de Boer, Arnold Bosman, Luca Busani, Katarzyna Czabanowska, Denis Coulombier, Ruth Gelletlie, Brigitte Helynck, Yvan Hutin, Denise Koo, James Stuart, Alena Petrakova, Lara Payne, Zoltan Voko, Marta Valenciano og Carmen Varela.
- Sérstakar þakkir fær starfshópur undirbúnings og viðbragða á ráðgjafamálfþinginu fyrir framlag sitt til þessarrar umfjöllunar.
- Einnig ber að þakka öllum þeim sem dreifðu könnuninni til hinna ýmsu fagfélaga og kerfa innan Evrópusambandsins og öllum sem hjálpuðu til án þess að láta nafns síns getið.
- Það sama er að segja um annað fagfólk lýðheilsustofnana sem hafa hjálpað til eða látið í té hugmyndir og hugtök meðan þetta verk stóð yfir, með beinu sambandi við Sóttvarnastofnun eða með viðræðum við sérfræðingana.

Heimildir:

Reglugerð (leiðtogaráðsins) Nr. 851/2004 þingsins og ráðsins, um stofnun evrópskrar miðstöðvar til fyrirbyggingar og eftirlits með sjúkdómum

http://ecdc.europa.eu/About_us/Key_Documents/ecdc_regulations.pdf

Fundarskýrsla: Ráðfæringar við aðildarríki um þjálfunaráætlun Sóttvarnastofnunar Evrópu, desember 2005, fánleg á <http://ecdc.europa.eu/Activities/Training.html>

Fundarskýrsla: Lykilhæfni í faraldsfræði á sviði eftirlits með smitsjúkdómum og viðbrögðum við þeim innan Evrópusambandsins, 1. fundur sérfræðinga Sóttvarnastofnunar í Stokkhólmi 31. janúar 2007. Fánleg á <http://ecdc.europa.eu/Activities/Training.html>

Miner K, Childers W, Alperin M, Hunt N; MACH-líkanið: Frá hæfni til kennslu og aðgerða starfsfólks á sviði lýðheilsu, lýðheilsuskýrslur 2005 VIÐAUKI 1 / 120I bindi.

http://www.publichealthreports.org/userfiles/120_SUP1/120009sup.pdf

Varela C, Coulombier D. Skilgreining á lykilhæfni faraldsfræðinga sem starfa við að hafa eftirlit með og bregðast við smitsjúkdómum í lýðheilsustofnunum Evrópusambandsins.

Eurosurveillance 2007;12(8):E070802.2. Fánleg frá:

<http://www.eurosurveillance.org/ew/2007/070802.asp#2>

VIÐAUKI A: LISTI YFIR LYKILHÆFNI VETTvangsFaraldsfræðinga í Lýðheilsustofnunum Evrópusambandsins, Eftir flokkum og sviðum

Tafla 1: Svæði og svið lýðheilsufaraldsfræði

Flokkur	Svæði	Svið
Sértækt fyrir fagið	Lýðheilsa	1. Lýðheilsufræði
	Hagnýt faraldsfræði	2. Lýðheilsustefna
		3. Áhættumat
		4. Eftirlit með lýðheilsu
		5. Rannsóknir á uppkomu sjúkdóma
		6. Faraldsfræðilegar rannsóknir
		7. Smitsjúkdómar
		8. Mál er varða rannsóknarstofur
		9. Leiðsögn á sviði lýðheilsu
Sameiginlegt öðrum fögum	Lífmælingar	10. Líkur
	Hagnýt upplýsingafræði	11. Íræð tölfræði
		12. Sýnataka
		13. Internetið
	Samskipti	14. Tölfræðileg greining og önnur gagnagreining
		15. Ritstýring og framsetning
		16. Áhættumiðlun
		17. Rituð samskipti
		18. Munnleg samskipti
	Stjórnun	19. Notkun nýrrar tækni
		20. Skipulagning og notkun aðfanga
	Þróun getu	21. Liðsefning og viðræður
		22. Leiðbeinendur
	Siðfræði	23. Þjálfun
		24. Einstaklingsvernd
		25. Trúnaður
26. Hagsmunaárekstrar		



1. Sérþækt fyrir fagið

1.1. Lýðheilsa

Svið 1.1.1 Lýðheilsufræði

1. Notkun núverandi þekkingar í faraldsfræði á sjúkdómum til leiðbeiningar lýðheilsu eða faraldsfræðilegum framkvæmdum.
2. Að láta í té faraldsfræðileg aðföng til að þróa mælanleg og viðeigandi markmið fyrir áætlanir á sviði lýðheilsu.
3. Notkun þekkingar á ákveðnum félagsfræðilegum og menningarlegum þáttum til að gera rannsóknir og mæla með viðeigandi aðgerðum á sviði lýðheilsu fyrir þann þjóðfélagshóp sem á í hlut.

Svið 1.1.2 Lýðheilsustefna

4. Skilningur og greining á lagalegri hlið lýðheilsustefnu á landsvísu, heimsvísu og í Evrópu.
5. Notkun á faraldsfræðilegum niðurstöðum til að skipuleggja áætlanir á sviði lýðheilsu.
6. Framkvæmd lýðheilsuáætlana: að hrinda stefnu á sviði lýðheilsu í framkvæmd.
7. Skilgreining áhrifaríkra aðgerða til að stuðla að heilsu varðandi ákveðin vandamál.
8. Skilgreining áhrifaríkra aðgerða til að stuðla að heilsu varðandi ákveðin vandamál.
9. Mat á árangri inngripa hvað varðar heilbrigði almennings.
10. Mæling á heilbrigðisniðurstöðum til að stýra ákvarðanatöku í fyrirbyggjandi aðgerðum.
11. Notkun á matsniðurstöðum varðandi árangur áætlana sem beinast að markmiðum og niðurstöðum í frekari gerð og breytingu áætlana.
12. Að finna viðeigandi leið til inngripa í lýðheilsu á grundvelli eftirlitsgagna.

1.2. Hagnýt faraldsfræði

Svið 1.2.1 Áhættumat

13. Að finna uppsprettur upplýsinga um mögulegar ógnir við lýðheilsu.
14. Framkvæmd áhættumats: að staðfesta, með gagnrýnni hugsun, hvort vandi steðji að á sviði lýðheilsu og lýsa umfangi hans.
15. Að skilgreina þarfir á eftirlitsgögnum til að gera áhættumat varðandi ógnir við lýðheilsu.

Svið 1.2.2 Eftirlit með lýðheilsu

16. Starfræksla eftirlitskerfis.
17. Umsýsla eftirlitsgagna.
18. Lýsandi greining á eftirlitsgögnum.
19. Túlkun á leitni varðandi sjúkdóma og lýðheilsu með greiningu á tímaröð.
20. Skilgreining á lyklniðurstöðum úr greiningu eftirlitsgagna og afleiðingar af þeim.
21. Mat á eftirlitskerfum.

22. Viðurkenning á nauðsyn þess að stofna og setja upp nýtt eftirlitskerfi.
23. Beiting eftirlits sem beinist að ákveðnum atburðum, einnig nefnt faraldseftirlit, til að greina hættu sem steðjar að heilbrigði.
24. Þekking á lögum um eftirlit og tilkynningar varðandi smitsjúkdóma á landsvísu, innan Evrópusambandsins, og á heimsvísu (alþjóðlegar heilbrigðisreglugerðir).

Svið 1.2.3 Rannsóknir á uppkomu sjúkdóma

25. Skilgreining tilfellis og aðlögun hennar eins og þörf krefur á meðan á rannsókn stendur.
26. Lýsing á uppkomu sjúkdóms hvað varðar einstakling, stað og tíma.
27. Að leggja fram kenningu um orsök og/eða áhættuþætti í tengslum við uppkomu sjúkdómsins.
28. Framkvæmd greinandi faraldsfræðilegrar rannsóknar til að finna upptökin.
29. Að mæla með viðeigandi aðgerðum á grundvelli sönnunargagna til að halda aftur af útbreiðslu sjúkdómsins.
30. Skýra frá rannsókn og leggja fram niðurstöður hennar.

Svið 1.2.4 Faraldsfræðilegar rannsóknir

31. Ritun aðgerðalýsingar með því að beita rannsóknaraðferðum sem viðeigandi eru fyrir lýðheilsuvandann.
32. Framkvæmd faraldsfræðilegra rannsókna.
33. Skýra frá rannsókn og leggja fram niðurstöður hennar.
34. Að leggja til inngrip á grundvelli sönnunargagna sem svar við faraldsfræðilegum niðurstöðum.

Svið 1.2.5 Smitsjúkdómar

35. Að vera kunnugt um smitleiðir smitsjúkdóma.

Svið 1.2.6 Mál er varða rannsóknarstofur

36. Túlkun á greiningar- og faraldsfræðilegu mikilvægi skýrsla af prófum sem fram fara á rannsóknarstofum.
37. Þekking á mismunandi aðferðum til greiningar og flokkunar, þ.m.t. sameindapróf.
38. Áhrifarík tjáskipti við starfsfólk rannsóknarstofa.

Svið 1.2.7 Leiðsögn á sviði lýðheilsu

39. Skilgreining, yfirlit og mat á viðkomandi fræðum og öðrum sönnunargögnum.
40. Þróun viðmiðunarreglna á grundvelli sönnunargagna til að hafa eftirlit með, fyrirbyggja og halda aftur af smitsjúkdómum og öðrum aðkallandi þáttum lýðheilsu.
41. Skilgreining viðeigandi markhópa sem viðmiðunarreglur eiga við.



2. Almenn svæði, sameiginleg öðrum fögum

2.1. Lífmælingar

Svið 2.1.1 Líkur

42. Beiting grunnhugtaka hvað líkur varðar.

Svið 2.1.2 Íræð tölfræði

43. Útreikningur og túlkun punktamats og öryggisbila við mælingar á miðlægri stefnu og dreifingu.

44. Útreikningur og túlkun punktamats og öryggisbila við mælingar á tíðni sjúkdóms.

45. Útreikningur og túlkun punktamats og öryggisbila við mælingar á tengslum og áhrifum.

46. Útreikningur og túlkun á marktektarprófum.

Svið 2.1.3 Sýnataka

47. Val á viðeigandi stefnu hvað varðar sýnatöku.

2.2. Upplýsingafræði

Svið 2.2.1 Internetið

48. Notkun heimilda á internetinu til að leita í fræðunum.

49. Notkun vefvirkjaðra gagnagrunna.

Svið 2.2.2 Tölfræðileg greining og önnur gagnagreining

50. Notkun hugbúnaðar fyrir gagnagrunna til að færa inn og stjórna gögnum.

51. Notkun hugbúnaðar til tölfræðilegrar greiningar (aðferðir til tengingar, prófunar, og skipulagsaðhvarfs).

52. Að draga niðurstöður af afrakstri greininga.

Svið 2.2.3 Ritstýring og framsetning

53. Notkun hugbúnaðar til að rita, ritstýra og leggja fram kynningar.

2.3. Samskipti

Svið 2.3.1 Áhættumiðlun

54. Beiting grunnreglna áhættutjáningar, og aðlaga skilaboðin þegar lagðar eru fram niðurstöður rannsóknar til mismunandi aðila: fjölmiðla, almennings, fagfólks og stefnumótenda.

Svið 2.3.2 Rituð samskipti

55. Ritun skýrslu um faraldsfræðilega rannsókn fyrir stefnumótendur.

56. Ritun greinar fyrir vísindarit.

57. Ritun ágrips.

58. Ritun fréttatilkynningar.

59. Framlagning skjala, skýrsla, bréfa, fundargerða, o.s.frv.

Svið 2.3.3 Munnleg samskipti

60. Beiting færni í mannlegum samskiptum þegar samskipti fara fram við samstarfsfólk og aðra áheyrendahópa.
61. Greining og samantekt á meginatriðum í ræðu.
62. Að láta í té hlutlæga svörun (lýsandi frekar en dæmandi).

Svið 2.3.4 Notkun nýrrar tækni til samskipta

63. Notkun fjarskiptatækni (sjónvarpsfundir, símafundir, tölvupóstur, o.s.frv.) á skilvirkan hátt.

2.4. Stjórnun

Svið 2.4.1 Skipulagning og notkun aðfanga

64. Skipulagning, forgangs röðun og tímaröðun verkefna innan áætlunar.
65. Eftirlit með árangri og gæðum í tengslum við ákveðin markmið, aðlögun áætlana og breytingar ef þörf krefur.
66. Stjórnun aðfanga sem völ er á (starfslið, tími, fjárhagsáætlun o.s.frv.) á skilvirkan hátt.
67. Faraldsfræðilegar aðgerðir innan ramma fjárhags- og aðgerðaáætlunarinnar.
68. Ritun aðgerðaskýrslu.

Svið 2.4.2 Liðsefling og viðræður

69. Skilvirkni liðsmanna, aðlögun að því hlutverki sem þörf er á til að leggja sitt af mörkum á uppbyggilegan hátt til að ljúka verkefni hópsins (einnig leiðtogahlutverk).
70. Stuðla að samstarfi, bandalögum og liðseflingu til að ná markmiðum í faraldsfræðilegum áætlunum.
71. Þróun bandalaga innan samfélagsins til að styðja við faraldsfræðilegar rannsóknir.
72. Sameiginleg skilgreining á sameiginlegum, andstæðum eða mismunandi áherslum annarra aðila til að ná fram góðu samstarfi og deilustjórnun.

2.5. Þróun getu

Svið 2.5.1 Leiðbeinendur

73. Leiðbeining jafningja eða lægra settra faraldsfræðinga.
74. Aðstoða aðra til að skýra hugmyndir, koma á samstöðu, og þróa hugmyndir svo úr verði framkvæmanlegar áætlanir.

Svið 2.5.2 Þjálfun

75. Þjálfun lægra settra faraldsfræðinga.

2.6. Siðfræði

Svið 2.6.1 Einstaklingsvernd

76. Virðing og fylgni við siðfræðilegar grunnreglur um velferð manna



77. Fylgni við siðfræðilegar grunnreglur og leiðbeiningar við skipulagningu og framkvæmd rannsókna, og við söfnun, dreifingu og notkun gagna.
78. Beiting viðeigandi laga í tengslum við gagnaöflun, stýringu, dreifingu og notkun upplýsinga.

Svið 2.6.2 Trúnaður

79. Virðing og fylgni við siðfræðilegar grunnreglur varðandi gagnavernd og trúnað í tengslum við allar upplýsingar sem fást við faglega starfsemi.

Svið 2.6.3 Hagsmunaárekstrar

80. Úrlausn hagsmunaárekstra.